

Samfélag í trú og gleði

Helgina 8.-10. febrúar nk. verður haldið æskulýðsmót á Reyðarfirði fyrir kirkjurnar á Norður- og Austurlandi. Mótið er ætlað unglingum í 8.-10. Bekk. Gert er ráð fyrir yfir 100 þátttakendum. Gleráarkirkja stefnir á þátttöku með áhugasömum fermingarbörnum.

Yfirskrift mótsins að þessu sinni er „**Samfélag í trú og gleði**“ og í fræðslu og helgi haldi á mótinu munum við vinna með orð Davíðssálma: „Ég varð glaður er menn sögðu við mig: Göngum í hús Drottins“ (Sl. 122.1). Eins og á fyrri æskulýðsmótum vinnum við í hópum að eigin vali þar sem m.a. verður boðið upp á **leiklistarhóp, gjörningahóp, myndlistar- og skreytingahóp, tónlistarhóp o.fl.**

Munum að það er dyggð að pakka létt! En við þurfum nú samt að hafa með okkur: dýnu, lak, svefnpoka eða sæng, föt til skiptanna, sundföt og handklæði, tannbursta og annað snyrtidót, útiföt eftir veðurspá ☺

Gist verður í Grunnskólanum á Reyðarfirði og dagskráin fer að mestu leyti fram þar en einnig í kirkjunum á Reyðarfirði og Eskifirði.

Verð

Verð á mótið er kr. 7.500 og innifalið í því er: gisting, allur matur og öll dagskrá (ath. Lögmanshlífarsókn greiðir rútukostnað fyrir þátttakendur úr Gleráarkirkju).

Með kveðju,

Mótsnefnd æskulýðsmótsins

Skráning fyrir þátttakendur úr Gleráarkirkju fer fram í Gleráarkirkju. fyrir 31. janúar. Skila þarf hjálögðu leyfisbréfi og greiða mótsgjald við skráningu í umslagi merktu „Samfélag í trú og gleði – skráning.“

Dagskrá

Föstudagur, 8. febrúar

13:00	Brottför frá Gleráarkirkju
17:00-17:30	Mæting í sundlaugina á Eskifirði
17:30-19:00	Sund á Eskifirði!
19:00-20:30	Ekið til Reyðarfjarðar - koma sér fyrir í skólanum Kvöldmatur á Reyðarfirði
20:30-21:30	Kvöldvaka á sal
21:30	Frjáls tími: Heimboð æskulýðsfélaganna - Skráning í hópa - Sjoppan opin
22:30	Hópastarf byrjar – allir hitta sinn hópstjóra Kvöldhressing (frjáls)
23:30	Helgistund á sal
00:30	Svefnró

Laugardagur, 9. febrúar

09:00	Á fætur! - Morgunbænir og morgunmatur
10:00	Hópastarf
12:00	Hádegismatur
13:30	Hópastarf heldur áfram / Fræðsla / Kaffitími
17:00	Frjáls tími
18:30	Kvöldmatur
20:00	HÆNA í sal Grunnskólans á Reyðarfirði
22:00	Diskótek
23:30	Helgistund í Reyðarfjarðarkirkju Kvöldhressing í skólanum (frjáls)
00:30	Svefnró

Sunnudagur, 10. febrúar

09:00	Á fætur! – Morgunmatur – Tiltekt og pakkað í rútur
10:30	Nánar auglýst síðar...
12:30	Hádegismatur í Eskifjarðarkirkju
13:30	Guðspjónusta í Eskifjarðarkirkju
14:30	Heimferð

HÆNA

Einn af hápunktum helgarinnar verður hin árlega **Hæfileikakeppni NorðAusturlands (HÆNA)**, sem að þessu sinni verður haldin í Grunnskólanum á Reyðarfirði laugardagskvöldið 9. febrúar og fellur inn í dagskrá mótsins. Að sjálfsögðu eru allir hvattir til að taka þátt í henni með dans og líkamstjáningu, tónlist og söng, spilagöldrum, upplestri á eigin ljóði eða sögu... Framkvæmdaraðili keppinnar er Æskulýðssamband Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis (ÆSKEY) og keppnin verður auglýst sérstaklega von bráðar!

Myndirnar á forsíðunni

eru frá Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar á Egilsstöðum 2012.

Þeim sem vilja fá nánari upplýsingar er bent á að hafa samband við Pétur Björgvin djákna á netfangið petur@klerarkirkja.is.

Reglur

- Hér gildir auðvitað gullna reglan: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra. Allir ættu að fara eftir henni af fremsta megni.
- Meðferð og neysla áfengis er óheimil á mótinu. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
- Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
- Góð umgengni er mikilvæg. Þátttakendur bera saman ábyrgð á öllu því húsnaði sem er opið mótsgestum. Þeir sem valda skemmdum á húsnaðinu er gert að bæta tjónið.
- Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
- Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins.
- Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum og starfsfólki.

Samfélag í trú og gleði



Æskulýðsmót á Reyðarfirði 8.-10. febrúar 2013



„Ég varð glaður er menn sögðu við mig:
Göngum í hús Drottins“
(Sálmarnir 122.1)